EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3407

Rekstraraðili Olíudreifing ehf. kt: 6606952069	**Tegund starfsemi** Olíubirgðastöðvar	**Starfsleyfisnúmer:** **Gildistími starfsleyfis**
Starfsstöð Ránargata 2 Siglufjörður	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 19.10.2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0124	**Eftirlitsmaður** Kristín Kröyer Freyr Ævarsson	**Útgáfudagur skýrslu** 9. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Gestur Guðjónsson	

Niðurstaða eftirlits

Engin ný frávik komu fram í eftirliti.

Umfang eftirlits

Lokunareftirlit fór fram hjá rekstraraðila þann 19. október 2026.

Búið er að rífa öll mannvirki á svæðinu að olíuskiljunni undanskilinni. Í eftirlitinu var talsverð olíulykt upp úr olíuskiljunni en skv. upplýsingum frá rekstraraðila var skiljan síðast tæmd haustið 2026 og var þá um 1-2 mm olíulag í skiljunni. Olíulykt getur stafað af því að lítið sem ekkert flæði er um skiljuna og loftun lítil sem engin. Ekki var í eftirlitinu hægt að greina hvort eiginleg olía væri í skiljunni.

Mikilvægt er að olíuskiljan sé annaðhvort fjarlægð eða rekstri hennar komið til þess aðila sem tekur við lóðinni.

Rekstraraðili hefur sent stofnuninni niðurstöður sýnatöku á jarðveginum á svæðinu. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að sýni séu send í efnagreiningu á vottuðum rannsóknastofum eða hið minnsta að sýnin séu efnagreind eftir vottuðum aðferðum. Sýnin sem tekin voru á olíubirgðastöðinni á Siglufirði voru ekki rannsökuð eftir vottuðum aðferðum og því ekki hægt með vissu að staðfesta að niðurstöður þeirra séu sambærilegar við hámarksgildi sem sett eru fram í viðauka I í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem rekstraraðili sendi inn er styrkur olíumengunar í jarðveginum á bilinu 210-470 mg/kg +/- 25% vegna niðurbrots olíu. Ekki er þó vitað hver óvissan er í efagreiningunum sem framkvæmdar voru.

Það er mat stofnunarinnar að niðurbroti olíu á lóð rekstraraðila samkvæmt áætlun um meðhöndlun jarðvegs sé lokið og lóðin uppfylli kröfurreglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg um hámarksgildi fyrir landnotkun atvinnusvæðis þrátt fyrir óvissu varðandi efnagreiningar sem framkvæmdar voru.

Þar sem svæðið er enn mengað yfir hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðasvæðis er svæðið skráð í gagnagrunn stofnunarinnar um menguð svæði, www.mengun.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.